Borgarstjórn, 2. júní 2026

**<u>Yfirlýsing Vinstrisins um samkomulag samkvæmt 3. mgr. 21. gr sveitarstjórnarlaga</u>**

Í 21. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að þegar framboðslisti hefur verið borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um að varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður, taki sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna.

Sé enginn varamaður af viðkomandi lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og sá aðalfulltrúi sem í hlut á taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum. Hér skal ávallt miðað við stöðu viðkomandi á þeim tíma er kjör til sveitarstjórnar fór fram.

Virðingarfyllst,

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Líf Magneudóttir